



# **Sjálfbærniskýrsla**

## **Reykjanesbæjar 2021**



# Sjálfbærnisráýrsla Reykjaneshæjar 2021

Reykjaneshæar 11. maí 2022.

## Ávarp bæjarstjóra

Í auknum mæli hafa fyrirtæki og stofnanir gefið út árlega sjálfbærnisráýrslu þar sem farið er yfir stöðu þeirra mála sem ekki koma endilega fram í hefðbundnum ársreikningi í starfsemi sinni. Til þess nýta þau mörg hver svokölluð UFS viðmið (Umhverfi, Félagslegir þættir og Stjórnarhættir) sem gefin eru út af Nasdaq í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og fleiri aðila í íslensku viðskiptalífi. UFS viðmið eru leiðbeiningar fyrir þá sem vilja efla sjálfbærni í sínum rekstri. Þátttaka sveitarfélaganna í landinu skiptir höfuð máli þegar horft er til þeirra markmiða sem Ísland hefur sett sér að ná á næstu árum er varðar sjálfbærni og ekki síst í umhverfis- og loftslagsmálum.

Reykjaneshæar vill ekki láta sitt eftir liggja og leggur nú í fyrsta sinn fram sjálfbærnisráýrslu sem sýnir hvað hefur áunnist og þar hæst 2021. Vægi málaflokksins hefur aukist jafnt og þétt hjá okkur síðastliðin ár og hafa t.a.m. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verið hluti af heildarstefnu sveitarfélagsins frá 2019 og ný sjálfstæð umhverfis- og loftslagsstefna samþykkt í bæjarstjórn á vormánuðum 2021. Þá var sjálfbærniþrúí ráðinn til að taka betur utan um þau verkefni sem þegar voru í gangi en jafnframt þau sem mikilvægt er að ráðast í á komandi árum. Við erum stolt af þeirri vegferð sem við erum á. Við viljum gera vel og leggja okkar lóð á vogaskálarnar svo samfélagið okkar nái að blómstra á sjálfbæran hátt.

Ég óska íbúum Reykjaneshæjar til hamingju með fyrstu sjálfbærnisráýrslu sveitarfélagsins.

Kjartan Már Kjartansson

Bæjarstjóri

# Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra .....	1
1. Um skýrsluna .....	3
2. Um Reykjanesbæ .....	3
2.1. Stjórnskipulag .....	4
2.2. Umfang rekstrar .....	4
2.2.1. Úr rekstrarreikningi .....	5
2.2.2. Úr efnahagsreikningi .....	5
2.2.3. Starfsmannamál .....	5
2.3. Þjónusta .....	6
3. Framtíðarsýn .....	7
3.1. Heildarstefna Reykjanesbæjar .....	7
3.2. Umhverfis- og loftslagsstefna .....	7
3.3. Menntastefna Reykjanesbæjar .....	8
3.4. Heimsmarkmiðin .....	9
3.4.1. Verkefni tengd Heimsmarkmiðum .....	10
3.5. Suðurnesjavettvangur .....	10
3.6. Kyndilberar í sjálfbærni .....	10
4. Mælikvarðar .....	11
4.1. Umhverfispættir .....	12
4.1.1. Umfang 1   Eldsneyti farartækja .....	14
4.1.2. Umfang 2   Rafmagn og heitt vatn .....	14
4.1.3. Umfang 3   Úrgangur .....	15
4.2. Félagslegir þættir .....	16
4.3. Stjórnarhættir .....	18
5. Markmið 2022 .....	18
5.1. Skógrækt .....	19
5.2. Heilsustígar .....	19
5.3. Pappírnotkun .....	20
5.4. Rafmagnsnotkun .....	20
5.5. Úrgangsnotkun .....	21
5.6. Ný markmið 2022 .....	22
5.6.1. Fjölgun hleðslustöðva .....	22
5.6.2. Samgöngumál .....	22
6. Lokaorð .....	23
Viðauki I – Heimsmarkmið & undirmarkmið .....	24
Viðauki II – Sjálfbærniuppgjör Reykjanesbæjar .....	26

## 1. Um skýrsluna

Reykjanesbær gefur nú í fyrsta sinn út sjálfbærnisráðgjafur sem farið er yfir þau málefni er varða umhverfis- og loftslagsmál sveitarfélagsins.

Allar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni miðast við árið 2021, nema annað sé tekið fram. Umhverfisupplýsingar voru fengnar úr umhverfiskerfi Klappa sem tengt er við birgja Reykjanesbæjar, umhverfisuppgjörið er aðgengilegt í heild sinni í Viðauka II.

Margar af þeim upplýsingum sem koma fram hér á eftir var verið að sækja og skoða í fyrsta sinn og því eru þær ekki allar full sannreyndar. Hins vegar er vel hægt að glöggva sig á þróuninni með því að horfa á samanburðinn. Því er hvatt til þess að tölurnar séu teknar með fyrirvara og þær ekki teknar úr því samhengi sem þær eru settar fram í hér á eftir.

## 2. Um Reykjanesbæ

Reykjanesbær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna 11. júní 1994. Sveitarfélagið er staðsett á vestanverðum Reykjaneskaganum, nær frá norðurmörkum Keflavíkur og út á Reykjanestá. Svæðið er um 145.000 hektarar. Reykjanesbær er fjórða stærsta sveitarfélag landsins með rúmlega 20.000 íbúa (desember 2021). Íbúafjöldun hefur verið hröð á undanförunum árum og langt yfir landsmeðaltali.

Reykjanesbær er innan Reykjanes jarðvangs sem er vottaður UNESCO jarðvangur. Slík svæði búa yfir merkilegum jarðminjum á heimsvísu sem samanlagt skýra frá mótun lands frá upphafi og áhrif jarðfræðinnar á þróunarsögu, menningu og lífríki svæðanna. Jarðvangar eru því áhugaverðir vegna fræðslugildis, fjölbreytilegrar náttúru og sjaldgæfra jarðminja. Flekaskil Norður Ameríku og Evrasíu eru sýnileg á Reykjanesi og gerir svæðið einstakt á heimsvísu. Hægt er að ganga yfir flekaskilin á Brú milli heimsálfa, sem er einn af fjölmennustu ferðamannastöðum Reykjanes.

Í dag er aðaleinkenni Reykjanesbæjar fjölbreytni. Hér má finna mennta- og þjónustustofnanir, verslanir, hótél, fjölbreyttan iðnað og frumkvöðlafyrirtæki. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og fyrrum varnarsvæðið hefur orðið að nýju íbúðahverfi, Ásbrú. Þar er Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, ásamt frumkvöðlasetri og sprotafyrirtækjum.

## 2.1. Stjórnskipulag



Mynd 1: Stjórnskipulag Reykjanesbæjar

## 2.2. Umfang rekstrar

Árið 2021 einkenndist af miklu leyti af ýmis konar takmörkunum sem tengdust COVID-19 heimsfaraldrinum. Óhætt er að segja að starfsfólk sveitarfélagsins hafi brugðist við eins og best verður á kosið og aðlagð sig að breyttum starfsháttum hverju sinni.

Hjá Reykjanesbæ störfuðu 1.163 starfsmenn í 1.010 stöðugildum í lok árs 2021. Atvinnuleysi náði sögulegu hámarki í upphafi árs þegar atvinnuleysi mældist tæp 25% innan sveitarfélagsins. Bæjarráð ákvað að bregðast við og ráðist var í þrenns konar viðspyrnuátök (*námsmannaátak, átak í atvinnumálum og átakið hefjum störf*) þar sem ráðnir voru inn 286 einstaklingar. Einnig var ráðinn sérstakur atvinnumiðlari til sveitarfélagsins til þess að miðla störfum og þá helst á meðal langtímaatvinnulausra. Einstaklega góður árangur náðist þar sem hátt í 90 störfum var miðlað. Í árslok var atvinnuleysi komið í tæp 10%, sem er sambærilegt hlutfall og var fyrir heimsfaraldurinn COVID-19.

### 2.2.1. Úr rekstrarreikningi

Úr rekstrarreikningi	2021	2020	2019
Tekjur	26.887.922	25.032.628	25.287.898
Rekstrarkostnaður	23.244.770	20.607.066	17.799.656
Laun og launatengd gjöld	11.547.780	10.406.664	8.835.894

Mynd 2: Úr rekstrarreikningum síðustu þriggja ára

### 2.2.2. Úr efnahagsreikningi

Úr efnahagsreikningi	2021	2020	2019
Eignir	65.860.095	62.659.751	57.246.304
Skuldir	45.279.650	48.068.501	43.974.543
Eigið fé	28.364.045	27.256.597	24.844.091
Fjárfestingahreyfingar	-2.855.888	-4.856.835	209.610

Mynd 3: Úr efnahagsreikningum síðustu þriggja ára

### 2.2.3. Starfsmannamál

Starfsmannamál	2021	2020	2019
Laun	9.257.251	8.184.457	7.017.908
Launatengd gjöld	2.290.529	2.222.207	1.811.639
Laun og gjöld samtals	11.547.780	10.406.664	8.829.547
Starfsmannafjöldi í lok árs	1.161	1.339	1.262
Stöðugildi í lok árs	1.010	1.057	976

Mynd 4: Sundurliðun á starfsmannamálum síðustu þriggja ára

## 2.3. Þjónusta

Íbúar Reykjanesbæjar eru helstu þjónustugegar sveitarfélagsins og hefur aukin áhersla verið lögð á skilvirka og góða þjónustu til bæjarbúa. Mikil áhersla hefur verið lögð á að einfalda ferla og flæði sem bæði skilar sér í styttri afgreiðslutíma fyrir þjónustugega en jafnframt í lægra kolefnisspori. Þessar aðgerðir fela aðallega í sér yfirfærslu frá pappíriformi og yfir í rafræna afgreiðslu mála. Samskipti hafa að einhverju leyti verið færð yfir á stafrænt form sem styttr biðtíma töluvert ásamt því að draga úr kolefnisspori.

Þjónustuver sveitarfélagsins gegnir lykilhlutverki í þjónustu við bæjarbúa en árið 2021 bárust 27.554 símtöl til þjónustuversins, að meðaltali eru það tæplega 2.300 símtöl í hverjum mánuði. Markvisst hefur verið unnið að því að einfalda ferla og koma því þannig fyrir að þjónustuver geti leyst úr þeim málum sem þangað berast í fyrstu snertingu og mun sú vinna halda áfram árið 2022. Innleiddar voru rafrænar undirritanir í gegnum lausn frá Taktikal og árið 2021 voru þær 2.971 talsins sem að jafnaði þýðir tæplega 250 undirritanir á mánuði. Með þessum undirritunum hefur verið komið í veg fyrir myndun kolefnisspors og reiknar kerfið út sparaða kílómetra í akstri, sparaðar bílferðir sem og minnkað kolefnisspor (útreikningar þessir byggja á vegalengdum í gegnum Google maps ásamt gögnum um CO<sup>2</sup> útblástur frá Bílgreinasambandinu). Á mynd 5 má sjá þessa tölfræði fyrir árið 2021 fyrir Reykjanesbæ.



Mynd 5: Tölfræðiupplýsingar fyrir Reykjanesbæ árið 2021 af vef Taktikal

Markmiðið er svo að auka enn frekar við rafrænar undirritanir árið 2022 og innleiða þær inn á fleiri svið hjá sveitarfélaginu.

### 3. Framtíðarsýn

Reykjanesbær hefur mótað sér sterka framtíðarsýn hvað varðar sveitarfélagið sem samfélag fyrir íbúa og á nú er í vinnslu atvinnuþróunarstefna fyrir sveitarfélagið. Miklu skiptir að hér ríki jafnvægi svo að hægt sé að skapa sjálfbært samfélag þar sem íbúum líður vel. Fram undan eru miklar breytingar sem og áskoranir í margs konar loftslagstengdum verkefnum en með samstöðu og elju er full ástæða til þess að gera ráð fyrir góðum árangri.

#### 3.1. Heildarstefna Reykjanesbæjar

Reykjanesbær hefur samþykkt heildarstefnu fyrir sveitarfélagið sem ber yfirheitið *Í krafti fjölbreytileikans*. Þar eru settar fram sex stefnuáherslur og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð að leiðarljósi.

#### 3.2. Umhverfis- og loftslagsstefna

Á vormánuðum árið 2021 var samþykkt umhverfis- og loftslagsstefna fyrir Reykjanesbæ og með þeirri aðgerð var ákveðið að taka málaflokkinn fastari tökum. Í kjölfarið var ráðinn sjálfbærnifulltrúi Reykjanesbæjar til þess að útbúa aðgerðaáætlun og fylgja eftir þeirri metnaðarfullu stefnu sem samþykkt var.

Út frá umhverfis- og loftslagsstefnunni var unnin aðgerðaáætlun sem samþykkt var í upphafi árs 2022. Eitt af verkefnum í aðgerðaáætluninni ber heitið *Kyndilberar Reykjanesbæjar í sjálfbærni* og er markmiðið með því m.a. að skapa sameiginlegan vettvang fyrir hina margþættu starfsemi sveitarfélagsins. Þegar unnið er að jafn víðfeðmu verkefni eins og innleiðingu sjálfbærni skiptir máli að fá starfsmenn með sér í lið og því var ákveðið að fara þá leið að óska eftir kyndilberum frá hverjum vinnustað fyrir sig. Nú þegar hafa 18 vinnustaðir innan sveitarfélagsins skráð sig til leiks og verið er að stíga fyrstu skrefin í þessari vegferð sem fram undan er.



Mynd 6: Heildarstefna Reykjanesbæjar













Mynd 7: Sigurmynd í keppni á vegum umhverfisstofnunar Evrópu.

Myndin ber nafnið "Sæt tortíming" og er eftir Írisi Lilju Jóhannsdóttur



Stefnunni er skipt upp í 10 flokka þar sem hverjum flokki er svo skipt upp í yfirmarkmið, stefnuáherslur, undirmarkmið og tengsl við undirmarkmið heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Flokkarnir 10 í stefnunni eru eftirfarandi:

-  Loftslagsmál – mótvægi
-  Loftslagsvá – aðlögun
-  Sjálfbær auðlindanýting og orkumál
-  Samgöngur
-  Mengun, hljóðvist og loftgæði
-  Hringrásarhagkerfið – græn innkaup, ábyrg neysla og úrgangur
-  Skipulag byggðar og umhverfis
-  Náttúruvernd og landgæði
-  Umhverfisfræðsla
-  Lýðheilsa og lífsgæði

### 3.3. Menntastefna Reykjanesbæjar

Ný menntastefna sveitarfélagsins leit dagsins ljós á haustmánuðum 2021.

Mikil einhugur var við mörkun stefnunnar að lyfta sjálfbærnimálum hærra en þegar hafði verið gert og fékk ein af fimm stefnuáherslum hennar heitir „Við og jörðin“. Sú stefnuáhersla fjallar um mikilvægi umhverfisvitundar og sjálfbærni, hvernig við gefum börnunum tækifæri til að skoða á gagnrýnin hátt samspil náttúru og mannlífs og vera þátttakendur í að finna lausnir við þeim áskorunum sem blasa við í nútíð og framtíð.



**VIÐ OG JÖRÐIN**

Í skólasamfélagi sveitarfélagsins eru unnin mörg metnaðarfull verkefni á hverju ári sem tengjast sjálfbærni- og umhverfismálum. Árið 2021 var meðal annars fjöldi leik- og grunnskóla sem fengu grænánann afhentan. Háaleitisskóli varð fyrsti skólinn á Suðurnesjum til þess að verða réttindaskóli UNICEF, en það felur í sér að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er lagður til grundvallar í skólastarfinu. Leikskólinn Tjarnarsel hefur lagt mikið upp úr útikennslu í garðinum hjá sér og hlaut hann m.a. styrk úr nýsköpunar- og þróunarsjóði til þess að reisa svokallað bambahús á lóðinni hjá sér. En bambahús eru gróðurhús sem eru gerð úr tönkum og er því um að ræða endurnýtingu á efni sem annars hefði verið flutt úr landi til endurvinnslu. Þetta eru bara nokkur af þeim verkefnum sem unnið er að í skólastarfi Reykjanesbæjar og því óhætt að segja að framtíðin sé björt.

### 3.4. Heimsmarkmiðin

Við mörkun heildarstefnu Reykjanesbæjar voru valin 12 af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til þess að leggja áherslu á í stefnunni. Markmiðin sem valin voru má sjá á mynd 8.



Mynd 8: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem valin voru í heildarstefnu Reykjanesbæjar

Í umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar voru valin 10 af 17 heimsmarkmiðum til þess að leggja áherslu á, þau markmið má sjá á mynd 9.



Mynd 9: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem valin voru í umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar

Að auki voru valin 26 undirmarkmið til þess að vinna með, en öll heimsmarkmiðin ásamt undirmarkmiðum má finna í Viðauka I. Út frá stefnunni var svo unnin aðgerðaáætlun til þess að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem þarf til þess að ná markmiðunum sem sett höfðu verið.

### 3.4.1. Verkefni tengd Heimsmarkmiðum

Árið 2021 var innleidd í starfsemi Reykjanesbæjar verkefnahandbók sem starfsmenn geta nýtt við skipulag og framkvæmd stærri verkefna. Til að styðja enn frekar við innleiðingu Heimsmarkmiðanna og passa upp á að halda þeim á lofti þarf að tengja sérhvert verkefni við undirmarkmið Heimsmarkmiðanna í verkefnaskilgreiningunni. Með þessum hætti er vonast til að sérhvert verkefni hjálpi til við innleiðinguna þar sem margt smátt gerir eitt stórt.

### 3.5. Suðurnesjavettvangur

Reykjanesbær, ásamt Isavia, Kadeco og hinum sveitarfélögum á Suðurnesjum (Grindavík, Suðurnesjabæ og Vogum) myndar Suðurnesjavettvang sem er samráðsvettvangur um samfélagslega ábyrgð á Suðurnesjum í heild sinni. Samvinna sveitarfélaganna við atvinnulífið skiptir lykilmáli til þess að árangur náist en 17. Heimsmarkmiðið er einmitt Samvinna um markmiðin. Undirmarkmið 17.17 segir: „*Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi*“.

Verkefni Suðurnesjavettvangs hafa verið þó nokkur til þessa og má þar nefna sem dæmi, viljayfirlýsingu um hröðun hringrásarhagkerfisins, viljayfirlýsing um uppbyggingu hringrásargarðs á Suðurnesjum, mótun stefnuramma fyrir vettvanginn og myndun fjögurra stefnuhópa með mismunandi áherslur fyrir svæðið.

Ætlunin er að ná fram blómlegu og öfluggu atvinnulífi, trausta og hagkvæma innviði, ásamt vel menntuðu, heilbrigðu, sjálfbæru og aðlaðandi samfélagi.

Þetta er virkilega öflugt og metnaðarfullt verkefni sem helst vel í hendur við innleiðingu Heimsmarkmiðana hjá Reykjanesbæ.

### 3.6. Kyndilberar í sjálfbærni

Á stjórnendadegi Reykjanesbæjar síðastliðið haust var óskað eftir einstaklingum fá vinnustöðum sveitarfélagsins sem hefðu áhuga á því að vera svokallaðir kyndilberar í sjálfbærni. Hlutverk þeirra er að halda málefnum á lofti innan vinnustaðarins ásamt því að vinna með sjálfbærnifulltrúa að markmiðum fyrir vinnustaðinn í umhverfis- og loftslagsmálum. Með þessum hópi er einnig verið að skapa vettvang til þess að auka á samvinnu innan sveitarfélagsins, sem er einmitt 17.heimsmarkmiðið, en samvinna er einmitt lykillinn að auknum árangri eins og fram kom hér að framan.

**17 SAMVINNA UM  
MARKMIÐIN**



Mynd 10: 17.heimsmarkmiðið

Nú þegar hafa 18 vinnustaðir skilgreint kyndilbera og af þeim hafa 17 fengið heimsókn frá sjálfbærnifulltrúa þar sem farið er yfir stöðuna á hverjum stað fyrir sig. Markmiðið er svo að þessi hópur breiði út boðskapinn og að sem flestir taki þátt í þessari vegferð.

Í heimsóknum sjálfbærnifulltrúa var virkilega gaman að sjá hversu mikinn áhuga kyndilberarnir hafa á sjálfbærnitengdum verkefnum og hversu mikið er verið að vinna með málaflokkinn. Flestir leik- og grunnskólanna sem heimsóttir voru vinna með heimsmarkmiðin ásamt því að leggja áherslu á flokkun úrgangs og að sporna gegn matarsóun. Einnig voru flestir sem höfðu mikinn áhuga á að græða landið í kringum sig og fóru því út með nemendum og gróðursettu tré, blóm eða matjurtir. Í einum skóla var mjög skemmtileg nálgun þar sem unglíngastigið fékk kennslu í að gróðursetja. Í framhaldinu útbjuggu þau svo kennslumyndband um gróðursetningu sem þau nýttu til þess að kenna yngri stigum skólans og samþættu þannig málaflokkinn við aðrar námsgreinar. Bókasafnið hefur sett málaflokkinn í forgang í sínum störfum en hlutverk bókasafna hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og má gera ráð fyrir að þau haldi áfram að breytast með breyttum áherslum. Óhætt er að segja að bókasafn Reykjanesbæjar sé orðið að nokkurs konar menningarhúsi í bænum og er þar staðið að umhverfisvænum viðburðum allt árið um kring.

#### 4. Mælikvarðar

Í þessari skýrslu voru UFS viðmið höfð að leiðarljósi en viðmiðin eru leiðbeiningar fyrir fyrirtæki sem vilja efla sjálfbærni í sínum rekstri og eru gefin út af Nasdaq í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og fleiri aðila í íslensku atvinnulífi. Í þessum leiðbeiningum er horft á eftirfarandi þrjá þætti: umhverfi, félagslega þætti ásamt stjórnarháttum. Á mynd 11 má sjá nánar þá þætti sem skoðaðir eru í viðmiðunum.

 <b>Umhverfi</b>	 <b>Félagslegir þættir</b>	 <b>Stjórnarhættir</b>
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	S1. Launahlutfall forstjóra	G1. Kynjahlutfall í stjórn
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	S2. Launamunur kynja	G2. Óhæði stjórnar
E3. Orkunotkun	S3. Starfsmannavelta	G3. Kaupaukar
E4. Orkukræfni	S4. Kynjafjölbreytni	G4. Kjarasamningar
E5. Samsetning orku	S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	G5. Siðareglur birgja
E6. Vatnsnotkun	S6. Aðgerðir gegn mismunun	G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu
E7. Umhverfisstarfsemi	S7. Vinnuslysiátlöni	G7. Persónuvernd
E8. Loftslagseftirlit/stjórn	S8. Hnattræn heilsa og öryggi	G8. Sjálfbærnisráðsla
E9. Loftslagseftirlit/stjórnendur	S9. Barna- og nauðungarvinna	G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf
E10. Mildun loftslagsáætlu	S10. Mannréttindi	G10. Gögn tekin út/sannreind af ytri aðila


Mynd 11: UFS viðmið, mynd fengin hér:

[https://www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG\\_Guide\\_Icelandic\\_translation.pdf](https://www.nasdaq.com/docs/2021/02/17/ESG_Guide_Icelandic_translation.pdf)

Hér á eftir má sjá ítarlega greiningu á hverjum flokki fyrir sig.


## 4.1. Umhverfisþættir

Losun Reykjanesbæjar á gróðurhúsalofttegundum er mæld í koltvísýringsgildum (tCO<sub>2</sub>) og nam 563,9 tCO<sub>2</sub> í árið 2021. Losunin er ívið meiri en árið 2020 (þá var losunin 515,5 tCO<sub>2</sub>) en markvisst var unnið að því að ná utan um alla losun á vegum sveitarfélagsins árið 2021 til þess að geta unnið að minnkaðri losun. Á mynd 12 má sjá hvernig losunin skiptist eftir umfangi, en losuninni er skipt upp í þrennt eftir uppruna losunarinnar. Umfang 1 er bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni, í tilfalli Reykjanesbæjar er hér átt við eldsneytisnotkun bifreiða í eigu og/eða rekstri bæjarins. Umfang 2 tekur á óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Umfang 3 tekur svo á óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Reykjanesbæjar og er hér að mestu verið að horfa í úrgangslosun og viðskiptaferðir. Hafa ber í huga þegar mælingarnar eru skoðaðar að árin sem hér um ræðir, 2021 og 2020, eru að einhverju leyti lituð af áhrifum COVID-19 heimsfaraldrinum og því ekki að fullu marktæk fyrir rekstur Reykjanesbæjar.



Mynd 12: Kolefnislosun Reykjanesbæjar árið 2021, skipt eftir umfangi

Til samanburðar má svo sjá á mynd 13 samanburð við árið 2020 en þar sést aukningin á milli ára sem áður var nefnd mjög glögglega.



Mynd 13: Kolefnislosun Reykjaneshæjar árin 2020 og 2021, skipt eftir umfangi

Í töflu 1 má sjá ítarlega greiningu á hverjum þætti fyrir sig í umhverfisflokknum.


Tafla 1: Greining á umhverfisþætti UFS viðmiðanna hjá Reykjaneshæ árin 2020 og 2021

Umhverfi		2021	2020
<b>E1</b>	<b>Losun gróðurhúsalofttegunda</b>	<b>563,9</b>	<b>515,5</b>
1.1	Heildarmagn í CO <sub>2</sub> ígildum, fyrir umfang 1	57,1	64,0
1.2	Heildarmagn í CO <sub>2</sub> ígildum, fyrir umfang 2	398,3	353,8
1.3	Heildarmagn í CO <sub>2</sub> ígildum, fyrir umfang 3	108,5	97,6
<b>E2</b>	<b>Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda</b>		
2.1	Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð, tCO <sub>2</sub> e/tekjur ISK milljónir	20,97	20,59
2.2	Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda miðað úttaksstærð	N/A	N/A
<b>E3</b>	<b>Orkunotkun (MWst)</b>		
3.1	Heildarmagn beinnar orkunotkunar	225,44	253,38
3.2	Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	43.601	38.685
<b>E4</b>	<b>Orkukræfni</b>		
4.1	Bein heildarorkunotkun miðað við úrtaksstærð, MWst/tekjur ISK milljónir	8,38	10,12
<b>E5</b>	<b>Samsetning orku</b>		
5.1	Hlutfall rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum í prósentum	100%	100%
<b>E6</b>	<b>Vatnsnotkun</b>		
6.1	Heildarmagn af vatni sem er notað (m <sup>3</sup> )	761.947	644.927
6.2	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt	N/A	N/A
<b>E7</b>	<b>Umhverfisstarfsemi</b>		
7.1	Fylgir Reykjaneshæjar formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei	Já	Nei
7.2	Fylgir Reykjaneshæjar tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu? Já/Nei	Nei	Nei
7.3	Notast Reykjaneshæjar við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? Já/Nei	Nei	Nei
<b>E8</b>	<b>Loftslagseftirlit / stjórn</b>		
8.1	Hefur stjórn Reykjaneshæjar eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei
<b>E9</b>	<b>Loftslagseftirlit / stjórnendur</b>		
9.1	Hefur æðsta stjórnunarteymi Reykjaneshæjar eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei
<b>E10</b>	<b>Mildun loftslagsáhættu</b>		
10.1	Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	0	0

### 4.1.1. Umfang 1 | Eldsneyti farartækja

Eins og áður hefur komið fram er það eldsneyti farartækja í eigu og/rekstri sveitarfélagsins sem telst til umfangs 1. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og mun sú vinna halda áfram næstu árin. Þróunina má sjá á mynd 14.

	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals	Mælieining
<b>+ 2020</b>	<b>3.703</b>	2.678	2.318	1.518	1.626	2.122	2.021	1.592	2.005	1.387	2.480	1.985	<b>25.437</b>	L
<b>+ 2021</b>	1.834	2.396	1.948	2.035	1.146	<b>2.612</b>	2.030	1.709	1.592	1.619	1.706	1.902	<b>22.529</b>	L




Mynd 14: Eldsneytisnotkun farartækja Reykjanesbæjar árin 2020 og 2021

### 4.1.2. Umfang 2 | Rafmagn og heitt vatn


Til umfangs 2 telst svo rafmagnsnotkun ásamt notkun á heitu vatni hjá Reykjanesbæ en notkunina má sjá á myndum 15 og 16.

	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals	Mælieining
<b>+ 2020</b>	662.215	595.058	580.725	497.148	525.798	470.738	471.325	517.033	549.922	665.867	650.210	<b>749.371</b>	<b>6.935.411</b>	kWst
<b>+ 2021</b>	746.537	650.108	660.471	563.507	529.918	444.837	455.552	532.047	631.551	711.473	749.891	<b>801.758</b>	<b>7.477.651</b>	kWst



Mynd 15: Rafmagnsnotkun Reykjanesbæjar árin 2020 og 2021

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals	Mælieining
+ 2020	61.009.603	55.560.300	54.054.105	42.212.533	42.034.231	35.990.826	33.918.517	37.746.764	40.245.499	45.455.284	43.461.507	55.709.352	547.398.520	L
+ 2021	68.632.347	58.988.832	63.186.423	57.393.881	50.145.723	44.631.946	36.107.928	35.877.291	44.599.796	45.096.928	57.969.463	60.192.228	622.822.785	L




Mynd 16: Notkun á heitu vatni hjá Reykjavíkurbæ árin 2020 og 2021

### 4.1.3. Umfang 3 | Úrgangur

Úrgangurinn fellur svo í umfang 3 og er honum skipt upp flokkaðan og óflokkaðan úrgang. Mikil áhersla hefur verið lögð á aukna flokkun og hefur sú vinna skilað sér eins og sjá má á mynd 17.

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals	Mælieining
+ 2020	26.750	12.530	16.020	9.670	17.130	17.698	14.410	53.940	13.700	12.630	26.640	12.360	233.478	kg
+ 2021	14.230	22.920	18.469	11.990	14.320	30.960	7.900	19.000	15.800	19.880	31.910	21.660	229.039	kg



Mynd 17: Úrgangsslosun Reykjavíkurbæjar árin 2020 og 2021 skipt í flokkað og óflokkað



## 4.2. Félagslegir þættir

Í töflu 2 má sjá félagslegu þættina innan Reykjanesbæjar.

Tafla 2: Greining á félagslegum þáttum UFS viðmiðanna hjá Reykjanesbæ árin 2020 og 2021

Félagslegir þættir		2021	2020
<b>S1</b>	<b>Launahlutfall forstjóra</b>		
1.1	Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna-greiðslna starfsmanna í fullu starfi	3,88	3,74
1.2	Er þetta hlutfall sett fram af Reykjanesbæ í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Nei	Nei
<b>S2</b>	<b>Launamunur kynja</b>		
2.1	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,014	1,033
<b>S3</b>	<b>Starfsmannaveita</b>	22,18%	N/A
3.1	Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	N/A	N/A
3.2	Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi, í prósentum	N/A	N/A
3.3	Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa, í prósentum	N/A	N/A
<b>S4</b>	<b>Kynjafjölbreytni</b>		
4.1	Kynjahlutfall innan Reykjanesbæjar, í prósentum		
	Karlar	21,50%	20,60%
	Konur	78,50%	79,40%
4.2	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum		
	Karlar	20,70%	19,90%
	Konur	79,30%	80,10%
4.3	Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum		
	Karlar	42,50%	42,40%
	Konur	57,50%	57,60%
<b>S5</b>	<b>Hlutfall tímabundinna starfskrafta</b>		
5.1	Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	46,38%	50%
5.2	Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	N/A	N/A
<b>S6</b>	<b>Aðgerðir gegn mismunun</b>		
6.1	Fylgir Reykjanesbær stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já	Nei
<b>S7</b>	<b>Vinnuslysatilöni</b>		
7.1	Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslisins í prósentum	N/A	N/A
<b>S8</b>	<b>Hnattræn heilsa og öryggi</b>		
8.1	Fylgir Reykjanesbær starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Já	Já
<b>S9</b>	<b>Barna- og nauðungarvinna</b>		
9.1	Fylgir Reykjanesbær stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já/Nei	Nei	Nei
9.2	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? Já/Nei	N/A	N/A
<b>S10</b>	<b>Mannréttindi</b>		
10.1	Fylgir Reykjanesbær mannréttindastefnu? Já/Nei	Nei	Nei
10.2	Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda? Já/Nei	N/A	N/A

Sveitarfélagið hlaut jafnlaunavottun árið 2019 sem var svo tekin út aftur í lok árs 2021. Jafnlaunavottun er byggð á staðlinum ÍST 85:2012 og meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og að stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Þá er jafnlaunavottun einnig ætlað að staðfesta það að málefnaleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við launaákvarðanir og að laun séu ákveðin á sama hátt óháð kyni. Staðallinn tryggir að á vinnustaðnum séu við lýði fagleg vinnubrögð sem koma í veg fyrir mismunun af öllum toga. Fyrirtækið BSI á Íslandi er faggild skoðunarstofa og sáu þeir um jafnlaunaúttektina. Jafnlaunagreiningin var unnin af deildarstjóra launadeildar og við greininguna var notast við starfaflokkun sem miðar af 22 áhrifaþáttum sem ákvarða laun með 88,2% nákvæmni. Þegar tekið hefur verið tillit til starfaflokka, áhrifastiga, menntunar- og símenntunarálags mælist launamunur 1,3% körlum í vil.

Það að launalíkanið gefi 88,2% nákvæmni gefur til kynna að launauppbyggingin sé nokkuð fastmótuð, líklega með vel skilgreindum og einsleitum starfahópum, eða mjög ströngum stigakvarða. Það er samt sem áður smá breytileiki á störfum og eiginleikum starfa.

Niðurstöður launalíkansins leiða í ljós að:

Kyn hefur ekki marktæk áhrif á laun þegar tekið hefur tillit til til starfa, ábyrgðarstigs, menntunar- og símenntunarálags og því er niðurstaðan að ekki greinist marktækur kynbundinn launamunur hjá Reykjanesbæ.

Úttektin staðfesti að jafnlaunakerfi Reykjanesbæjar hefur verið í stöðugri þróun, að það hafi verið rýnt reglulega og að það falli undir öll þau skilyrði sem til þarf að standast jafnlaunaúttekt.

Niðurstaða jafnlaunagreiningarinnar hvetur stjórnendur Reykjanesbæjar til að halda áfram þeirri vegferð að stuðla að jafnrétti í störfum innan sveitarfélagsins.

### 4.3. Stjórnarhættir

Í töflu 3 má svo sjá niðurstöðu stjórnarháttanna innan raða Reykjanesbæjar.

Tafla 3: Greining á stjórnarháttum UFS viðmiðanna hjá Reykjanesbæ árin 2020 og 2021

Stjórnarhættir		2021	2020
<b>G1</b>	<b>Kynjahlutfall í stjórn</b>		
1.1	Hlutfall kvenna í bæjarstjórn í prósentum (samanborið við karla)	45%	45%
1.2	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda og ráða, í prósentum (samanborið við karla)	46%	46%
<b>G2</b>	<b>Óháði stjórnar</b>		
2.1	Bannar Reykjanesbær bæjarstjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Nei	Nei
2.2	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	N/A	N/A
<b>G3</b>	<b>Kaupaukar</b>		
3.1	Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Já/Nei	Nei	Nei
<b>G4</b>	<b>Kjarasamningar</b>		
4.1	Hlutfall starfsmanna Reykjanesbæjar í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	99,30%	96,80%
<b>G5</b>	<b>Siðareglur birgja</b>		
5.1	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Nei	Nei
5.2	Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?	N/A	N/A
<b>G6</b>	<b>Siðferði og aðgerðir gegn spillingu</b>		
6.1	Fylgir Reykjanesbær stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? Já/Nei	Nei	Nei
6.2	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum	N/A	N/A
<b>G7</b>	<b>Persónuvernd</b>		
7.1	Fylgir Reykjanesbær stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já	Já
7.2	Hefur Reykjanesbær hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já/Nei	Já	Já
<b>G8</b>	<b>Sjálfbærnisrásla</b>		
8.1	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráslu? Já/Nei	Já	Nei
8.2	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei		
<b>G9</b>	<b>Starfsvenjur við upplýsingagjöf</b>		
9.1	Veitir Reykjanesbær upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Nei	Nei
9.2	Leggur Reykjanesbær áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Já	Já
9.3	Setur Reykjanesbær sér markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp? Já/Nei	Nei	Nei
<b>G10</b>	<b>Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila</b>		
10.1	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Nei	Nei

### 5. Markmið 2022

Reykjanesbær setur sér nú í fyrsta sinn mælanleg markmið til þess að draga úr losun í sinni starfsemi. Við útgáfu næstu skýrslu verða þessi markmið svo skoðuð og gerð grein fyrir þeim árangri sem náðist á árinu. Markmiðin verða svo endurskoðuð árlega og ný gefin út fyrir komandi ár.

## 5.1. Skógrækt

Miklu máli skiptir að rækta upp landið hér á Reykjanesinu til þess að binda kolefni en ekki síður til þess að skapa græn svæði og mynda skjól. Áhersla var lögð á þrjú svæði árið 2021 til skógræktar og eru það Rósaselsvötn, Sólbrekkur og Njarðvíkurskógar en þar voru gróðursett tæplega 11 þúsund plöntur á síðasta ári. Í töflu 4 er gerð grein fyrir þeim trjategundum sem gróðursettar voru sem og fjölda í hverri tegund. Þessi tré teljast til mótvægisáðgerða en með þeim voru bundin 1.082 tCO<sub>2</sub>. Árið 2022 er svo ætlunin að gera enn betur en þá er markmiðið að gróðursetja 20 þúsund plöntur í skógrækt og fimm hundruð tré og runna innan bæjarfélagsins ásamt því að koma upp trjábanka þar sem hugmyndin er að vera með stærri tré til gróðursetningar á Pattison svæðinu.

Tafla 4: Fjöldi gróðursettra trjáa eftir tegundum hjá Reykjanesbæ árið 2021

### Gróðursett tré í Reykjanesbæ 2021

Tegund	Fjöldi
1 Stafafura	3.890
2 Sitkagreni	1.957
3 Alaskaösp - Keisari	2.500
4 Jörfaviðir - Kólga	880
5 Birki	779
6 Jörfaviðir - Katla	640
7 Sitkaelri	80
8 Blágreni	43
9 Lerki - Hrymur	40
10 Runnaelri	11

**Samtals: 10.820**

## 5.2. Heilsustígur

Heilsustígur eru hluti af víðfeðmu stígakerfi Reykjanesbæjar. Aukin áhersla Reykjanesbæjar á útivist, lýðheilsu, loftslagsmál og umferðaröryggi mótar uppbyggingu þeirra. Í uppbyggingu heilsustíga er eitt af megin markmiðum að tryggja gangandi og hjólandi vegfarendum aukið öryggi á ferðum sínum að og frá grunnskólum og frístundastarfsemi. Heilsustígur mynda líka göngu- og hjólaleið með nánast allri strandlengju Reykjanesbæjar sem íbúar nýta mikið. Heilsustígur eru breiðari og almennt betur upplýstir en aðrir stígur og eru




Mynd 18: Skjáskot af kortavef Reykjanesbæjar, <https://www.map.is/reykjanesbaer/>, þar sem stígur og heilsustígur eru vel merktir

Þannig liður í því að minnka akstur foreldra til og frá grunnskólum og frístundum, fækka bílum og minnka þörf á almenningssamgöngum. Þannig má minnka útblástur, tryggja meiri loftgæði og auka umferðaröryggi. Árið 2021 voru lagðir tæpir þrír kílómetrar af heilsustígum í sveitarfélaginu, samtals eru heilsustígarnir því nú 25,8 km og aðrir stígar eru 52 km. Alla þessa stíga má finna á kortavef Reykjanesbæjar á vefsíðunni <https://www.map.is/reykjanesbaer/>.

Vilji Reykjanesbæjar er að á næstu árum nái heilsustígakerfið að tengja Reykjanesbæ við öll nágrannasveitarfélög á Suðurnesjum. Áfram verður unnið að bættri aðstöðu fyrir gangandi vegfarendur með það að sjónarmiði að stytta vegalengdir og tengja áfangastaði s.s. þjónustu. Þessar áherslur eru til þess fallnar að fjölga þeim sem kjósa að nýta sér þessa ferðamáta, draga úr neikvæðum umhverfisáhrif vegna samgangna og bæta lýðheilsu. Markmið ársins 2022 er að leggja tvö þúsund metra af nýjum stígum sem auka enn frekar á loftgæði og lýðheilsu bæjarbúa.

### 5.3. Pappírnotkun

Ljósritun og prentun er töluverð innan sveitarfélagsins og eins og gefur að skilja er hún mest innan skólastofnanna bæjarins. Eins og fram kom hér að framan heldur stafræn vegferð sveitarfélagsins áfram af fullum krafti á árinu 2022 og eru bundnar miklar vonir við að það muni sjást í minnkun í ljósritun og prentun. Þegar horft er til skólasamfélagsins er nú þegar hafin sú vegferð að færa námsefni meira yfir á stafrænt form. Markmið þessa árs eru því að auka vitundarvakningu meðal starfsmanna Reykjanesbæjar og hvetja til þess að nýta aðrar leiðir en prentun í sínum störfum.



Mynd 19: Ljósritun og prentun hjá Reykjanesbæ árin 2020 og 2021

### 5.4. Rafmagnsnotkun

Rafmagnsnotkun hefur aukist frá árinu 2020 þrátt fyrir að orkunotkun ljósastaura hafi t.d. dregist saman. Þetta má skýra að einhverju leyti vegna COVID-19, en orkunotkun dróst saman þegar vinnustaðir voru meira og minna lokaðir, ásamt því að t.d. Stapaskóli er nú kominn í fulla notkun.

Umhverfissvið hóf endurnýjun gatnalýsingar bæjarins fyrir nokkrum árum með því að skipta kerfisbundið út eldri lömpum fyrir nýja LED lampa. Lýsingarkerfi sveitarfélagsins eru dýrmætir innviðir, en í kerfinu eru alls 5024 lampar og tilheyrandi flutningskerfi. Þegar útskiptum ársins 2021 (alls 396 lampar) er lokið hefur 1426 lömpum verið skipt út fyrir LED frá því þessi vinna hófst. Samhliða útskiptum lampa hafa ljósastýringar verið færðar úr spennistöðvum HS-Veitna í frístandandi skápa sem fæddir eru raforku um nýja heimtaug úr viðkomandi spennistöð. Þannig hafa þessir verðmætu innviðir verið styrktir til muna sem rafdreifikerfi sem þjónað gæti annarri starfsemi samhliða gatnalýsingu, t.d. hleðslustöðvum fyrir rafbíla á völdum stöðum.

Markmið ársins 2022 er að LED væða 400 ljósastaura ásamt því að halda áfram að LED væða aðrar stofnanir sveitarfélagsins því orkusparnaðurinn sést mjög glögglega í orkusparnaði þeirra ljósastaura sem nú þegar hafa verið LED væddir.

## 5.5. Úrgangsnótun

Flokkun á úrgangi jókst árið 2021 sem ber að fagna en þó er enn langt í land. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér markmið um ráðstöfun úrgangs til ársins 2035, sjá mynd 20, og markmið okkar er að sjálfsögðu að ná þeim markmiðum og helst gott betur.

Á árinu voru teknar í notkun fimm nýjar grenndarstöðvar þar sem íbúum gefst kostur á að koma með fjóra flokka til endurvinnslu. Þessir flokkar eru pappír, plast, gler og málmar og hefur þeim verið tekið fagnandi þar sem ekki hefur áður verið boðið upp á sérflokkun á gleri hér á svæðinu.

Á árinu voru samþykktar breytingar á löggjöf um úrgangsstjórnun sem munu koma til með að taka gildi 1.janúar 2023. Þessar breytingar eru umfangsmiklar og munu hafa áhrif á landið allt.



Mynd 20: Töluleg markmið íslenskra stjórnvalda um ráðstöfun úrgangs til ársins 2035. Mynd fengin úr skýrslu Resource um sorpbrennslu á Suðurnesjum, sjá hér:

<https://www.kalka.is/static/files/Ymislegt/sorporkustod-a-sudurnesjum.-skyrsla-resource-international-16.06.21.pdf>

Flokkun á Íslandi hefur þótt flókin enda margar útfærslur á þessu annars fámenna landi. Með nýjum lögum á að freista þess að einfalda flækjustigið með það að markmiði að hækka flokkunarhlutfallið. Undirbúningur er nú þegar hafinn hjá Reykjanesbæ fyrir þessar breytingar og stefnt er að því að samræma sem allra mest öllum til einföldunar en þær breytingar verða vel kynntar þegar þær liggja fyrir.

## 5.6. Ný markmið 2022

### 5.6.1. Fjölgun hleðslustöðva

Innviðir fyrir orkuskipti í bílaflotanum hafa því miður setið á hakanum á Reykjanesinu en Reykjanesbær hefur lagt mikla vinnu í að byggja upp innviði til þess að hér geti verið öflugt net hleðslustöðva. Markmiðið fyrir árið 2022 er að hér muni rísa 20 hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla, sem dreift verði um sveitarfélagið.

### 5.6.2. Samgöngumál

Ferðalög starfsmanna á vinnutíma hafa nú verið skráð inn í gagnagrunn Klappa og með því er búið að skapa ákveðinn núllpunkt. Hér eftir verður hægt að meta hvert losunin vegna viðskiptaferða er að stefna. Nú er í skoðun hvaða leiðir eru færar til þess að draga úr þeirri losun sem á sér stað bæði vegna ferða á vinnutíma en einnig í ferðum til og frá vinnu. Vegna COVID-19 dró töluvert úr vinnuferðum og á sama tíma jókst notkun á fjarfundabúnaði sem hefur sýnt okkur að hægt er að hittast án þess að leggja land undir fót. Í einhverjum tilfellum er þó markvissara að halda staðfundum en mikilvægt þykir að halda þessu á lofti þannig að fólk verði áfram meðvitað um málefnið.

Á árinu 2021 var unnið að því að finna hleðslustöðvum fyrir rafbíla stað í Reykjanesbæ. Mikill vilji stendur til að gefa íbúum kost á að hlaða rafbíla við helstu stofnanir bæjarins með því að finna rekstraraðilum á þessu sviði hentugar staðsetningar fyrir almennar hleðslustöðvar og hraðhleðslustöðvar. Litið er á þetta sem samkeppnismál fyrir Reykjanesbæ eins og alla aðra innviðauppbýggingu. Mikil vinna hefur verið lögð í að tryggja aðkomu Orkustofnunar og Orkusjóðs að málum. Þar hefur okkur verið vel tekið fyrir þann vilja sem sveitarfélagið sýnir til stuðnings innviðauppbýggingu og orkuskiptum.

Sveitarfélagið hefur til umráða þrjár bifreiðar sem knúnar eru áfram af jarðefnaeldsneyti. Við fyrstu sýn ætti að vera einfalt að skipta þeim út fyrir fararkost sem gengur fyrir vistvænu eldsneyti en því miður er staðan sú að ekki er hlaupið að því að hlaða rafbíla eða nálgast annars konar vistvænt eldsneyti enn sem komið er. Með tilkomu þeirra hleðslustöðva sem eiga að fara upp á þessu ári breytist staðan og þá verða þessir fararkostir endurskoðaðir.



Til stendur að leggja samgöngukönnun fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar en tilgangurinn með slíkri könnun er til að fá skýra mynd af því hvernig starfsmenn sveitarfélagsins ferðast til og frá vinnu. Slík könnun vekur þátttakendur einnig til umhugsunar um það hvort og þá hvaða aðrir ferðamátar séu mögulegir og hver ávinningurinn af þeim sé. Markmiðið er svo að auka hlutdeild þeirra sem nýta sér virka ferðamáta í að ferðast til og frá vinnu. Sveitarfélagið hefur boðist til að gera samgöngusamninga við þá vinnustaði sem eru tilbúnir að nýta sér eingöngu virkan ferðamáta til og frá vinnu. Enn hefur enginn vinnustaður boðið sig fram í verkefnið en tilvalið þótti að nýta þennan vettvang til að ítreka þetta boð og hvetja þannig vinnustaði til þess að taka þátt.

## 6. Lokaorð







Markmiðin eru skýr, jafnt frá heimsbyggðinni allri sem og frá íslenskum stjórnvöldum og við erum þar ekki undanskilin. Reykjanesbær hefur lagt mikinn metnað í þennan málaflokk og að öllum líkindum er þessi vegferð rétt að hefjast. Vægi málaflokksins hefur aukist til muna og mun að öllum líkindum halda áfram að gera það næstu árin. Til þess að bregðast við öllum þeim breytingum sem fram undan eru má gera ráð fyrir því að nýsköpun muni skipa stóran sess. Það er því til mikils að vinna fyrir okkur hér í Reykjanesbæ að vera leiðandi í málafloknum og skapa þannig umhverfi fyrir ný fyrirtæki sem og nýja bæjarbúa hér í bænum okkar þar sem við tökum þátt af fullum þunga í þessari sjöttu nýsköpunarbylgju sem sjálfbærnin er. Suðurnesjamenn hafa löngum verið þekktir fyrir samtakamátt sinn og því skiptir máli að allir taki þátt með því að leggja sitt á vogarskálarnar. Margt smátt gerir jú eitt stórt!







## Viðauki I – Heimsmarkmið & undirmarkmið

Hér má svo sjá þau heimsmarkmið og undirmarkmið sem valin voru í umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna ásamt undirmarkmiðum sem valin voru við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar árið 2021

 <p><b>3. Heilsa og Vellíðan</b></p>	<p><b>3.6</b> Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysna niður um helming á heimsvísu.</p>
	<p><b>3.9</b> Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.</p>
 <p><b>4. Menntun Fyrir Alla</b></p>	<p><b>4.7</b> Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.</p>
 <p><b>6. Hreint Vatn og Hreinlætisaðstaða</b></p>	<p><b>6.3</b> Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.</p>
 <p><b>7. Sjálfbær Orka</b></p>	<p><b>7.3</b> Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.</p>
 <p><b>9. Nýsköpun og Uppbygging</b></p>	<p><b>9.2</b> Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla og eigi síðar en árið 2030 hafi hlutur iðnaðar í atvinnulífi og vergri landsframleiðslu aukist verulega í ljósi aðstæðna heima fyrir og tvöfaldast í þeim þróunarlöndum sem skemmst eru á veg komin.</p>
	<p><b>9.4</b> Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.</p>
 <p><b>11. Sjálfbærar Borgir og Samfélög</b></p>	<p><b>11.2</b> Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötlðu fólki og öldruðum.</p>
	<p><b>11.3</b> Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.</p>
	<p><b>11.4</b> Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.</p>
	<p><b>11.6</b> Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.</p>
	<p><b>11.7</b> Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólki.</p>
<p><b>11.b</b> Eigi síðar en árið 2020 hafi borgum og íbúasvæðum fjölgað þar sem áætlanir og stefnumál eru samþætt og miða að aðkomu allra, auðlindanýting verði betri, dregið hafi úr skaðsemi af völdum loftslagsbreytinga og forvarnir gegn hamförum hafi verið eflidar. Útbúin heildræn áhættustýring vegna hvers kyns hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina.</p>	

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna ásamt undirmarkmiðum sem valin voru við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjanesbæjar árið 2021

 <p><b>12. Ábyrg Neysla og Framleiðsla</b></p>	<p><b>12.2</b> Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.</p>
	<p><b>12.4</b> Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfissvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.</p>
	<p><b>12.5</b> Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.</p>
	<p><b>12.7</b> Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.</p>
	<p><b>12.8</b> Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.</p>
 <p><b>13. Aðgerðir í Loftslagsmálum</b></p>	<p><b>13.1</b> Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.</p>
	<p><b>13.2</b> Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.</p>
	<p><b>13.3</b> Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum þar á meðal snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.</p>
 <p><b>14. Líf í Vatni</b></p>	<p><b>14.1</b> Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.</p>
	<p><b>14.2</b> Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.</p>
	<p><b>14.5</b> Eigi síðar en árið 2020 verði búið að vernda a.m.k. 10% af strandlengjum og hafsvæðum heimsins í samræmi við landslög og alþjóðalög, að teknu tilliti til bestu tiltæku, vísindalegu upplýsinga.</p>
 <p><b>15. Líf á Landi</b></p>	<p><b>15.1</b> Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.</p>
	<p><b>15.2</b> Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.</p>

## Viðauki II – Sjálfbærniuppgjör Reykjanesbæjar

Sjálfbærniuppgjör Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 unnið af Klöppum – Grænar lausnir



Reykjanesbær  
Sjálfbærniuppgjör

2021

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær  
Kt. 4707942169

## Yfirlit

Sjálfbærniuppgjör .....	3
Skipulags- og rekstrarmörk .....	4
Uppgjör .....	5
Rekstrarþættir .....	5
Losunarbókhald .....	6
Umhverfisþættir .....	7
Umhverfisstjórnun .....	8
Félagslegir þættir .....	9
Stjórnarhættir .....	10
Aðferðafræði .....	11
Skilgreiningar .....	12

## Sjálfbærniuppgjör

Sjálfbærniuppgjör Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Klappir hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörins, sem byggist á þeim upplýsingum sem Klappir hugbúnaðurinn hefur safnað saman yfir árið.

Sjálfbærniuppgjörð hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarþætti Reykjanesbæjar. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar: Viðeigandi, nákvæmni, heilleiki, samræmi og gagnsæi.

Gögn Reykjanesbæjar eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund og nákvæmstu upplýsingum hverju sinni, að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

6. maí 2022, Reykjavík



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson  
forstjóri, Klappir

## Skipulags- og rekstrarmörk

### Um fyrirtækið

Reykjanesbær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna 11. júní 1994. Sveitarfélagið er staðsett á vestanverðum Reykjaneskaganum, nær frá norðurmörkum Keflavíkur og út á Reykjanesá. Svæðið er um 145.000 hektarar. Reykjanesbær er fjórða stærsta sveitarfélag landsins með u.þ.b. 20.380 íbúa. Sveitarfélagið sér um að reka grunnþjónustur á borð við grunnskóla, gatnakerfi, allskonar mannvirki og fleira.

### Skipulagsmörk

Við gerð uppgjörs Reykjanesæjar hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

### Rekstrarmörk

#### Umfang 1

Eldsneytisnotkun farartækja

#### Umfang 2

Raforkunotkun  
Hitaveita

#### Umfang 3

3.5. Úrgangur frá rekstri  
3.6. Viðskiptaferðir

## Uppgjör

### Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Eining	2019	2020	2021
Heildartekjur	m. ISK	25.287,9	25.032,6	26.887,9
Eignir alls	m. ISK	68.818,6	75.325,1	73.643,7
Eigið fé alls	m. ISK	24.844,1	27.256,6	28.364,0
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	976,0	1.057,0	1.010,0
Fjöldi íbúa	fjöldi	19.421,0	19.676,0	20.380,0

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020	2021
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> /MWst	11,74	13,24	12,87
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO <sub>2</sub> /stöðug	471,09	487,66	558,32
Losunarkræfni tekna	kgCO <sub>2</sub> /milljón	18,18	20,59	20,97
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO <sub>2</sub> /milljón	18,51	18,91	19,88

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkukræfni	Eining	2019	2020	2021
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugild	40.130,9	36.838,1	43.392,9
Orkukræfni tekna	kWst/milljón	1.548,9	1.555,5	1.630,0

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Úrgangskræfni	Eining	2019	2020	2021
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	238,5	220,9	226,8
Úrgangskræfni tekna	kg/milljón ISK	9,2	9,3	8,5

## Losunarbókhald

Mótvægisaðgerðir	Eining	2019	2020	2021
Samtals mótvægisaðgerðir	tCO <sub>2</sub> j	0,0	0,0	1.082,0
Mótvægisaðgerðir með skógrækt	tCO <sub>2</sub> j	0,0	0,0	1.082,0
Mótvægisaðgerðir með endurheimt votlendis	tCO <sub>2</sub> j	0,0	0,0	0,0
Aðrar mótvægisaðgerðir	tCO <sub>2</sub> j	0,0	0,0	0,0

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2019	2020	2021
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> j	51,5	64,0	57,1
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> j	351,3	353,8	398,3
Umfang 1 og 2	tCO <sub>2</sub> j	402,8	417,8	455,4
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> j	56,9	97,6	108,5
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO <sub>2</sub> j	459,8	515,5	563,9

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Umfang 1 - Samsetning losunar	Eining	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> j	51,5	64,0	57,1
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> j	51,5	64,0	57,1

Umfang 2 - Samsetning losunar	Eining	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> j	351,3	353,8	398,3
Rafmagn	tCO <sub>2</sub> j	66,1	72,8	78,5
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> j	285,2	281,0	319,7

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Eining	2019	2020	2021
<i>Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri</i>				
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> j	56,9	97,6	63,1
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO <sub>2</sub> j	56,9	97,6	63,1
<i>Flokkur 6: Viðskiptaferðir</i>				
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> j			45,5
Flugferðir	tCO <sub>2</sub> j			1,7
Bílfarir	tCO <sub>2</sub> j			43,8



## Umhverfisþættir

Orkunotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	39.167.782	38.937.901	43.826.808
Jarðefnaeldsneyti	kWst	199.290	253.376	225.435
Rafmagn	kWst	6.749.991	6.935.411	7.477.651
Hitaveita	kWst	32.218.502	31.749.114	36.123.722
Bein orkunotkun	kWst	199.290	253.376	225.435
Óbein orkunotkun	kWst	38.968.493	38.684.525	43.601.372

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkusamsetning	Eining	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	39.167.782	38.937.901	43.826.808
Jarðefnaeldsneyti	%	0,5%	0,7%	0,5%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	99,5%	99,3%	99,5%
Kjarnorka	%	0,0%	0,0%	0,0%

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Eldsneytisnotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildareldsneytisnotkun	kg	16.768	21.317	18.970
Bensín	kg	252	413	217
Díselolía	kg	16.517	20.904	18.753

Vatnsnotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildarvatnsnotkun	m <sup>3</sup>	658.692	644.927	761.947
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	103.201	97.528,3	139.124
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	555.491	547.399	622.823

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Samsetning raforku	Eining	2019	2020	2021
Heildarnotkun raforku	kWst	6.749.991	6.935.411	7.477.651
Jarðefnaeldsneyti	%	0,0%	0,0%	0,0%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	100,0%	100,0%	100,0%
Kjarnorka	%	0,0%	0,0%	0,0%

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021
Heildarmagn úrgangs	kg	232.783	233.478	229.039
Flokkaður úrgangur	kg	80.460	60.948	92.950
Óflokkaður úrgangur	kg	152.323	172.530	136.089
Endurunnin úrgangur	kg	58.590	60.948	92.950
Úrgangi fargað	kg	174.193	172.530	136.089
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	34,6%	26,1%	40,6%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	25,2%	26,1%	40,6%

Viðskiptaferðir	Eining	2019	2020	2021
Heildarvegalengd	km			19.697,0
Flugferðir	km			19.697,0

## Umhverfisstjórnun

Umhverfistarfsemi	Eining	2019	2020	2021
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Nei	Nei	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Nasdaq: E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management				

Lofslagseftirlit	Eining	2019	2020	2021
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Nei	Nei
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Nei	Nei
Nasdaq: EB, E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A/B)				

Mildun loftlagsáhættu	Eining	2019	2020	2021
Heildar fjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vörubrúnum	m. ISK		0,00	
Nasdaq: E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)				

## Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra	Eining	2019	2020	2021
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1		3,74	3,88
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/nei	-	Nei	Nei
S1 UNGC: P6 GRI: 102-38				

Launamunur kynja	Eining	2019	2020	2021
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1		1,03	1,01
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2   SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

Kynjafjölbreytni	Eining	2019	2020	2021
<i>Starfsmannafjöldi</i>				
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%		79,4%	78,5%
<i>Byrjenda- og miðstjórnendastöður</i>				
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan	%		80,1%	79,3%
<i>Yfirmenn og stjórnendur</i>				
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%		57,6%	57,5%
S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Eining	2019	2020	2021
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%		50,0%	46,4%
S5 GRI: 102-8 UNGC: P6				

Aðgerðir gegn mismunun	Eining	2019	2020	2021
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	Já/nei	-	Nei	Já
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

Hnattræn heilsa og öryggi	Eining	2019	2020	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	Já/nei	-	Já	Já
S8 GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018) SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety				

Barna- og nauðungarvinna	Eining	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrækkun?	Já/nei	-	Nei	Nei
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	Já/nei	-	Nei	Nei
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices				

Mannréttindi	Eining	2019	2020	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	Já/nei	-	Nei	Nei
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations				

## Stjórnarhættir

Kynjahlutfall í stjórn	Eining	2019	2020	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%		45,0%	45,0%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%		46,0%	46,0%
G1 GRI: 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)				

Óhæði stjórnar	Eining	2019	2020	2021
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	-	Nei	Nei
G2 GRI: 102-23, 102-22				

Kaupaukar	Eining	2019	2020	2021
Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	-	Nei	Nei
G3 GRI: 102-35				

Kjarasamningar	Eining	2019	2020	2021
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%		96,8%	99,3%
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)				

Siðareglur birgja	Eining	2019	2020	2021
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	-	Nei	Nei
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)				

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Eining	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	-	Nei	Nei
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)				

Persónuvernd	Eining	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	-	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	-	Já	Já
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)				

Sjálfbæriskýrsla	Eining	2019	2020	2021
Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	-	Nei	Já
G8 UNGC: P8				

Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Eining	2019	2020	2021
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	-	Nei	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	-	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	-	Nei	Nei
G9 UNGC: P8				

Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Eining	2019	2020	2021
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	-	Nei	Nei
G10 UNGC: P8 GRI: 102-56				

Klappir grænar lausnir hf.

10

## Aðferðafræði

Við útreikninga er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri.

### Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun:

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju (Fyrirtæki).

### Koltvísýringsgildi

Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsgilda ( $\text{tCO}_2\text{i}$ ). Koltvísýringsgildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlynunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan ( $\text{CH}_4$ ) u.þ.b. 25 koltvísýringsgildum og nituroxíð ( $\text{N}_2\text{O}$ ) u.þ.b. 298 koltvísýringsgildum. Uppgjörið tekur því tillit til allra gróðurhúsalofttegunda og er losun birt í tonnum  $\text{CO}_2$  igilda.

## Skilgreiningar

### Losunarkræfni

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samantögu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO<sub>2</sub>i á einingu (svo sem tCO<sub>2</sub>i á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

### Bein og óbein orkunotkun

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

### Orkukræfni

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

### Úrgangskræfni

Úrgangskræfni reiknast sem heildarmagn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsmann í fullu stöðugildi).

### Umfang 2 (landsnet)

Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð út frá meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

### Úrgangur frá rekstri

Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils.

### Viðskiptaferðir

Ferðir starfsmanna vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils.

### Orkustjórnunarkerfi

Með orkustjórnunarkerfi er átt við stöðluð orkustjórnunarkerfi s.s. ISO 50001.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS